



Ársfundur félagsliða 2007

Skýrsla fyrir starfsárið

Félagsliðahópurinn þéttist enn frekar á síðasta ári. Stór hópur stundar nú námið bæði hjá Mími og eins í Borgarholtsskóla, en útskrifaðir félagsliðar eru nú taldir hátt í 300 og er fjölmennasti hópurinn félagsmenn Eflingar-stéttarfélags sem starfað hafa um árabil við umönnun. Þeir sem lokið hafa viðurkenndum fagnámskeiðum hafa möguleika á að ljúka félagsliðanámi með “brúarleið”. Þessi hópur hefur ýmist starfað við heimafjónustu eða við umönnun á hjúkrunarheimilum.

Með innkomu félagsliða verður heimafjónustan fjölbreyttari og öruggari fyrir þann fjölmenna hóp sem hennar þarfnast. Þannig leiðir öruggari og vandaðri heimafjónusta til þess að fólk geti búið lengur heima og notið sín betur sem einstaklingar. Í fjölmörgum skoðanakönnunum meðal aldraðra vilja flestir búa sem lengst heima og njóta þess stuðnings sem best er völ á. Félagsliðar eru mikilvægir í þeim hlekk.

Á hjúkrunarheimilum þar sem mannabreytingar hafa verið örar er félagsliðamenntun fjársjóður því að fólk skiptir síður um vinnu ef það hefur öðlast menntun við hæfi.

Kynnisferð til Færeyja.

Í maí á síðast liðnu ári fóru fimm félagsliðar úr faghópi félagsliða, ásamt hagfræðingi félagsins til Færeyja að kynna sér störf starfsfélaga þeirra þar. Í Færeyjum er töluverð samvinna á milli heimafjónustu og heimahjúkrunar en hvort tveggja er í umsjón sveitarfélagsins.

Heimafjónustan í Færeyjum er mjög fjölbætt og lögð rík áhersla á umönnun aldraðra og eru almenn þrif einungis lítill þáttur í þjónustunni. Hér á Íslandi hefur hins vegar ekki tekist sem skyldi að víkka út heimafjónustuna, þannig að heimafjónustan sé ekki nánast einskorðuð við almenn þrif. Færeyingar ætla sér í auknum mæli að nýta menntun félagsliða við heimafjónustu og umönnun á hjúkrunarheimilum.

Fræðslufundur á liðnu starfsári.

Fræðslufundur var haldinn í faghópi félagsliða í nóvember og kynnti Hanna Lára Steinsson forstöðumaður Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd nýútkomna bók sína; „Í skugga Alzheimers”.

Í erindi Hönnu Láru kom fram að hlutfall fólks með heilabilun hefur fjölgað mjög og er áætlað að í kringum árið 2030 verði um 5500 manns með þennan sjúkdóm. Því miður hefur þjónusta við aldraða og aðstandendur ekki aukist að sama skapi. Það kom fram að tíu rúm væru lokað á Landakoti vegna manneklu og stæði til að loka fjórum í viðbót. Sem úrræði nefndi Hanna Lára að til þyrfti að koma ráðgjafarmiðstöð og skammtímainnlagnir. Einnig vantaði fleiri dagdeildir og sambýli ásamt stærra hlufalli sérhæfðra hjúkrunarrýma. En umfram allt þyrfti samfellu í þjónustu.

Fundað með velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Í febrúar síðast liðnum fóru 2 félagsliðar úr faghópnum ásamt Þórunni 1. varaformanni Eflingar til fundar við formann velferðarsviðs, Jórunni Frímansdóttur og Stellu Kristínu Víðisdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs. Á fundinum var farið yfir félagsliðanámið og hversu mikilvægir félagsliðar væru. Jórunn og Stella voru mjög áhugasamar um námið og sáu augljósa kosti þess að nýta betur þekkingu félagsliða og koma þannig betur á mótis við félagslegar þarfir skjólstæðinganna, líkt og gert er Færeyjum.

Þess má geta að samþykkt var í Borgarstjórn 22. mars sl. að færa þjónustumiðstöðvar frá þjónustu- og rekstrarsviði yfir á velferðarsvið sem ætti þá að leiða til þess að minni áhersla verði lögð á almenn þrif og að félagsliðar skipi stærri sess í félagslegu umhverfi. Tekur þetta gildi 2. maí næstkomandi.

Staða í kjaramálum félagsliða.

Stærsti félagsliðahópurinn er starfandi í félagslegri heimaþjónustu og aðhlyningu hjá Reykjavíkurborg eða um 75 manns en einnig fer þeim fjölgaði sem starfa á hjúkrunarheimilum.

Hjá Reykjavíkurborg eru tvö virk starfsheiti, þ.e. störf félagsliða í heimaþjónustu annars vegar og störf félagsliða í umönnun hins vegar. Þá

hefur lengi verið beðið eftir niðurstöðu í starfsmati fyrir félagsliða sem eru flokkstjórar í heimaþjónustu.

Mjög brýnt er að menntun félagsliða skili sér í störfum og að störf félagsliða í heimaþjónustu færist úr því að vera í almennum þrifum yfir í umönnunarstörf. Sú breyting myndi skila sér í hærra starfsmati sem endurspeglaði jafnramt hærri launainnröðun.

Þá er mjög mikilvægt að huga að endur- og símenntun félagsliða eftir að námi lýkur. Áframhaldandi sérþekking eins og til dæmis Alzheimerfræðsla myndi nýtast vel sem viðbótarþekking við félagsliðanámið.

Í mars á næsta ári þurfa línur að vera skýrar í kjarasamningsumhverfi hjá ríki og hjúkrunarheimilum en þá renna þeir kjarasamningar út. Móta þarf kröfugerð þar sem meðal annars er tekið tillit til endur- og símenntunar félagsliða bæði hvað varðar mótun starfa og eins launainnröðun.

Faghópur félagsliða mun áfram leggja sitt lóð á þær vogarskálar að efla störf félagsliða, í þeim stöðugt vaxandi hópi sem kemur að aðhlynningu og stuðningi við aldraða og fatlaða.